# ORLOFSBLAÐ SAMEYKIS

STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Mars 2020



## Frestur til að sækja um orlofshúsin er til og með 26. mars

**Úthlutun lýkur 31. mars**

**Dagleiguhús á vefnum 20. apríl**



# ORLOFSBLAÐ Sameykis 2020

Orlofsblað Sameykis inniheldur allar upplýsingar um orlofseignir Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu sem standa félagsmönnum til boða í úthlutun en einnig eru eignir sem verða einungis í dagleigu í sumar. Félagið á nú 69 eignir, þar af þrjár eignir á Spáni.

Þá tekur félagið einnig á leigu nokkrar eignir víðsvegar um landið. Annað framboð á orlofsvefnum er: Gjafabréf í flug, hótelmiðar, veiðikort, útilegukort og svo orlofsávísanir til félagsmanna. Athugið að einungis er hægt er að sækja um orlofsávísanir á úthlutunartíma.

Stjórn orlofssjóðs er óbreytt frá fyrra ári og samanstendur af Ólafi Hallgrímssyni formanni og Ingunni Hafdísi Þorláksdóttur varaformanni. Meðstjórnendur eru Hörður Heiðar Guðbjörnsson, Viðar Ernir Axelsson, Dagrún Dagbjartsdóttir, Hafdís Huld Vilhjálmsdóttir, Jóhanna Huld Jóhannsdóttir, Ingjaldur Eiðsson, María Hlín Eggertsdóttir, Olga Gunnarsdóttir, Stefán Gíslason og Vilhjálmur Pálmason.

Orlofsstjórn hefur kosið sér framkvæmdanefnd orlofsstjórnar sem í sitja Ólafur, Ingunn Hafdís, Hörður Heiðar og Viðar Ernir. Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað frá síðasta ári. Endurnýjun þriggja húsa í Munaðarnesi verður lokið snemma sumars og áfram verður haldið með sex hús þar á næstu 2 árum. Akrakot verður einnig endurnýjað sem og húsin í Úthlíð og Norðurási. Félagið leggur áherslu á að bjóða félagsmönnum upp á falleg orlofshús með góðri aðstöðu.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**Ábyrgðarmaður:**
Árni Stefán Jónsson
**Umsjón:**
Sólveig Jónasdóttir
Ása Clausen

**Stjórn Orlofssjóðs**

Ólafur Hallgrímsson, formaður
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir, varafomaður
Dagrún Dagbjartsdóttir
Hafdís Hulda Vilhjálmsdóttir
Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Jóhanna Huld Jóhannsdóttir
Ingjaldur Eiðsson
María Hlín Eggertsdóttir
Olga Gunnarsdóttir
Stefán Gíslason
Viðar Ernir Axelsson
Vilhjálmur Pálmason

**Umbrot:**
Blaðasmiðjan

**Prentun:** GuðjónÓ
Vistvæn prentsmiðja

**Forsíðumynd:**
Forsíðumynd
Ása Clausen

Skrifstofa Sameykis
er á 4. hæð
Grettisgötu 89, 105
Reykjavík.
Sími 525 8340 – 525 8330

Opið virka daga
kl. 9:00 -16:00
Netfang
sameyki@sameyki.is
Veffang sameyki.is
Sameyki er á Facebook og Instagram

ISSN númerið er 2547-832X

# ORLOFSVEFURINN

Orlofsvef Sameykis má finna efst í hægra horninu á vefsíðu félagsins www.sameyki.is undir lás-merkinu. Til þess að komast inn á hann þarf að hafa annað hvort rafræn skilríki eða Íslykil.

Kerfið er einfalt og gott og þar má finna lýsingar á öllum orlofskostum félagsins, húsum og íbúðum innanlands og erlendis auk gjafabréfa í flug, hótelmiða og veiði- og útilegukort svo eitthvað sé nefnt.

Á Orlofsvefnum er hægt að bóka hús og sækja um úthlutun. Við hvetjum alla til að kynna sér hann vel.




## Sækja um úthlutun

Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smellt á „UMSÓKN UM....“ og þar er form sem fylla þarf út og fyrir neðan eru valmöguleikar. Í fyrri fellilistanum er orlofseign valin og í þeim seinni sú vika sem sótt er um. Ekki þarf að setja val í alla valmöguleikana.







## Bóka orlofshús

Til að bóka orlofshús er best að fara í „Laus tímabil“ þar sem hægt er að sjá hvaða eignir eru lausar og á hvaða tíma. Þegar búið er að finna hús og dag er smellt á dagsetninguna fyrir viðeigandi hús. Þá kemur upp gluggi sem biður um brottfarardag. Þegar hann hefur verið valinn er smellt á staðfesta. Síðan er farið í greiðsluferli. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er samningur sendur í tölvupósti. Einnig er hægt að sækja samninga og kvittanir undir „Síðan mín“.

## Miðar og kort

Félagsmönnum stendur einnig til boða að kaupa hótelmiða á sérkjörum. Í valmyndinni efst er valið „Miðar og Kort“. Til að kaupa miða eða kort er einfaldlega smellt á viðeigandi vöru, þá opnast gluggi þar sem hægt er að setja inn fjölda og síðan er smellt á „Setja í körfu“. Þá koma upp skilaboð um hvort félagsmaður vilji ganga frá greiðslu með því að smella á „Karfa“ eða halda áfram að versla með því að smella á „Halda áfram“. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er miði og kvittun sent í tölvupósti. Einnig er hægt að sækja miða og kvittanir undir „Síðan mín“.



# VERÐ

Verð á leigu orlofshúsa er mismunandi eftir stærð húsanna en einnig er munur á því hvort leigt er að sumri eða vetri.

Verðið fyrir vikuleigu í sumar er 21-32 þúsund eftir stærð hússins.

Helgarleiga á orlofshúsum er á bilinu 16-18 þúsund, og aukanóttin 3500 kr.

Orlofshúsið okkar og íbúðirnar á Spáni kosta frá 45-55 þúsund yfir vetrartímann en 55-65 þúsund yfir sumartímann.

Nánari upplýsingar um verð er að finna á orlofsvefnum.

---

# Endurgreiðslur almennt

Ef eign er skilað með minna en tveggja vikna fyrirvara fæst ekki endurgreitt nema eignin leigist aftur og einungis það sem fæst fyrir hana þá. Þegar um endurgreiðslu er að ræða er alltaf endurgreitt með sama greiðslumáta og notaður var við bókun, þ.e. inn á kreditkort ef greitt var með kreditkorti, o.s.frv.

**Endurgreiðslur á veturna**
Sama regla og hér að ofan nema Orlofssjóður Sameykis ábyrgist snjómokstur á föstudögum og sunnudögum á stóru orlofssvæðunum t.d. Munaðarnesi, Vaðnesi, Kjarnabyggð, Úthlíð, Úlfljótsvatni, Akrakoti og Húsafelli en ekki aðra daga. Göngustígar á orlofssvæðum og að húsum eru ekki mokaðir. Leigugjald er ekki endurgreitt þótt sjóðfélagi geti ekki nýtt sér dvöl að fullu vegna veðurs eða ófærðar.

**Breytingagjald**
Ef breyta þarf bókun kostar það 2.000 kr. Þetta á ekki við ef bæta þarf við degi til eða frá heldur einungis ef skipta þarf alveg um tímabil. Góð regla fyrir brottför er að bóka sig inn á orlofsvefinn og prenta út nýja kvittun. Ástæðan er sú að ef einhver breyting verður í sambandi við húsið/ íbúðina eða umsjónina, uppfærast upplýsingarnar á kvittuninni.





# Hver er munurinn á bókun og úthlutun?

**ÚTHLUTUN** Auglýst er eftir umsóknum um ákveðin tímabil (páskar og sumar). Þú sækir um og eftir ákveðinn tíma fer úthlutun fram og svar berst í tölvupósti

**BÓKUN** Þú ferð sjálf/ur inn á orlofsvefinn og kynnir þér hvað er laust, bókar og greiðir. Gildir fyrir dagleiguhús, lausar vikur á sumrin og utan úthlutunartíma á veturna.

**Orlofspunktar**

- Félagsmenn ávinna sér 12 orlofspunkta á ári, þ.e. 1 punkt fyrir hvern unninn mánuð.
- Orlofspunktar stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum. (Flestir punktar = mestir möguleikar).
- Hægt er að skoða punktastöðu á ORLOFSVEFNUM.
- Punktastaða er uppfærð einu sinni á ári áður en páskaúthlutun fer fram.
- Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þótt þeir eigi fáa eða enga punkta. Þá fer punktastaða viðkomandi í mínus.
- Félagar í lífeyrisdeild ávinna sér ekki punkta eftir starfslok.

Úthlutanir/orlofsmöguleikar „kosta“ mismarga **orlofspunkta.**

10 PUNKTAR: Fyrir orlofsávísun.

40 PUNKTAR: Fyrir sumarhús og íbúðir í vikuleigu.

Orlofshús sem standa út af eftir að úthlutun lýkur eða losna óvænt á úthlutunartímanum kosta líka punkta.

Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta.

Gjafabréf, Útilegukortið og Veiðikortið kosta ekki punkta.

## Að gefnu tilefni

Ekki er leyfilegt að setja upp tjöld, leggja fellihýsum eða hjólhýsum við orlofshús Sameyki. Gert er ráð fyrir ákveðnum fjölda gesta í húsunum og fólk er beðið um að virða það og bæta ekki við gestum á lóðir eða jafnvel bílastæði. Í flestum tilfellum eru tjaldsvæði ekki langt undan og því bendum við fólki sem á von á viðbótargestum að kynna sér það. Hjá Sameyki er einnig hægt að kaupa útilegukort sem gildir á mörgum tjaldsvæðum um land allt. Umsjónarmenn orlofshúsanna hafa heimild félagsins til að vísa félagsmönnum burt sem brjóta þetta bann.

# Umgengni og frágangur

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrífa eftir sig m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf, loka gluggum og útihurðum vandlega og taka raftæki úr sambandi. Félagsmaður má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum að leigja í sínu nafni.

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmann á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins á skrifstofutíma.

Munið að ganga frá húsunum eins og þið viljið koma að þeim, orlofshúsin eru sameign félagsmanna og því mikilvægt að vel sé gengið um.

Í flestum húsum Sameykis er myndlykill frá Stöð 2 og 4G Roter frá Vodafone.  Upplýsingar um hvernig er hægt að kaupa sér áskrift má lesa um á staðnum.



**Mikilvægt er að virða réttan komu- og brottfarartíma. Prentið út kvittanir áður en farið er í bústað, þar má m.a. finna upplýsingar um komu- og brottfarartíma, símanúmer umsjónarmanns o.fl.**

**Góð umgengni er hagur okkar allra og því er mikilvægt að skilja við eins og við viljum koma að. Sameyki áskilur sér rétt til að innheimta fyrirvaralaust sérstakt þrifagjald þar sem ekki er nægjanlega vel skilið við.  Góður frágangur er á ábyrgð leigutaka.**

**Gæludýr eru stranglega bönnuð á orlofshúsasvæðunum, það gildir líka um gæludýr gesta.**

**Reykingar eru stranglega bannaðar í húsunum.**

**Nauðsynlegt og gott að taka með: Salernispappír, handsápu og sjampó, sængurfatnað (lín) og lök, handklæði, diskaþurrkur, borðtuskur, plastpoka, eldhúsrúllur, kaffipoka (filter), kol (ef kolagrill), kerti og eldspýtur, álpappír, krydd, sykur og olíu til steikingar og svo hleðslutæki fyrir gemsann.**

# Réttindi lífeyrisdeildar Sameykis í sumar

Félagsmenn halda punktaeign sinni þegar þeir færast yfir í lífeyrisdeild og geta klárað að nýta punktana sína en ekki er um frekari punktaávinnslu að ræða. Vetrarleiga kostar ekki punkta en sumarleiga kostar punkta.

Félagar hafa ekki rétt á að sækja rafrænt um orlofshús í sumar nema 7 vikna tímabilið frá 19. júní til 7. ágúst 2020. Þær vikur sem ekki leigjast út fara svo í almenna úthlutun sem félagar í lífeyrisdeildinni hafa rétt á að bóka til jafns við aðra. Félagsmenn í lífeyrisdeildinni greiða sömu leigu og aðrir félagar.

## Framleiga óheimil

Ef í ljós kemur að félagar í Lífeyrisdeild framleigja orlofshús til þriðja aðila munu þeir fá áminningu eins og aðrir félagsmenn Sameykis sem getur leitt til þess að þeir fái ekki að leigja orlofshús. Ætlast er til að félagsmaðurinn sé sjálfur með í för.

Félagar í lífeyrisdeild hafa rétt til þess að nýta sér aðra þá orlofsmöguleika sem Sameyki býður upp á. Þar má nefna  gjafabréf í flug, miða á Eddu- og Fosshótel, Veiði- og Útilegukort o.fl. sem auglýst er á heimasíðu Sameykis hverju sinni.

# Norðurás Svínadal

Sameyki á 100 fm hús við Norðurás 1, Svínadal, Hvalfirði. Húsið er með þremur svefnherbergum fyrir 6 manns.  Tvö rúm er um 160x200 sm og eitt rúm ca 140x200  sm að auki eru tvær dýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8. Húsið er vel búið  og í því allur almennur eldhúsbúnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Á 100 fm barnheldri verönd eru garðhúsgögn, gasgrill og heitur pottur. Þvottavél er í geymslu og sjá gestir um að þvo gólfmoppur.



**ÞRÁÐLAUST NET**





## NORÐURÁS

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 100 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6 til 8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Uppþvottavél | Já |
| Grill | Gas |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |



# MUNAÐARNES

Sameyki á 20 hús í Munaðarnesi í fjórum hverfum. Þrjú hús í Bjarkarási og er hús 10 þar sérstaklega hannað með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Fjögur hús eru í Vörðuás, sex hús eru í Eyrarhlíð og sjö í Stekkjarhól og er hluti af þeim í endurbyggingu og koma inn í sumar til leigu. Húsin eru mismunandi að stærð frá 53 - 90 fm og rúma 5-7 gesti. Í öllum húsunum er myndlykill frá Stöð 2 og 4G router frá Vodafone. Upplýsingar um hvernig hægt er að kaupa sér áskrift má lesa um á staðnum. Þá verða tvö hús í dagleigu í allt sumar en þrjú hús í Stekkjarhól sem eru í endurbyggingu koma í dagleigu seinna í sumar. Á svæðinu eru leiktæki, á fleirum en einum stað þar sem má finna rólur, fótboltavöll, minigolf og aparólu ofl. Gasgrill er í öllum húsunum. Nánari upplýsingar má alltaf finna á orlofsvefnum.

### VÖRÐUÁS

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 63-83 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2-3 |
| Svefnpláss | 6-8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2/Nei |
| Fjöldi sænga | 5-8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp og CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Uppþvottavél | Já |
| Grill | Gas |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Já |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

## Vörðuás

Sameyki á fjögur hús í Vörðuási. Þrjú eru 63m² með tveimur svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 5 manns. Í hjónaherbergi er rúmið 153x200 sm að stærð og í húsi 3 er koja sem er 140x90 sm neðra rúm en aðeins 140 rúm í húsi 5. Verönd er stór og góð með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Hús nr. 17 er 83 fm með þremur herbergjum og svefnpláss er fyrir allt að 6 manns. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli.



ÞRÁÐLAUST NET

***Athugið að hús nr. 17 er stærra en hin húsin.***

# Bjarkarás

HÚS nr. 3 og 5 eru um 85m² að stærð með þremur svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 6-7 í húsi nr. 3 en 6 manns í húsi nr. 5.
Hús nr. 10 er 70 fm með þremur svefnherbergjum og er hannað með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Til dæmis er hægt að hækka og lækka eldhúsinnréttingu að hluta til með rafbúnaði, góðum rampi og víðari dyraopum. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í öllum herbergjum eru rúmin af stærðinni 153x200 sm. Það eru ekki aukadýnur í húsunum. Verandir í kringum húsin eru stórar með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrill.







ÞRÁÐLAUST NET




## BJARKARÁS

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 85 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6-7 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 6-7 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Uppþvottavél | Já |
| Grill | Gas |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Já |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Stekkjarhóll



ÞRÁÐLAUST NET

Hús nr 72, 73, 76 og 77 við Stekkjarhól eru 77-83 fm. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir allt að 6 manns. Í húsunum eru tvö herbergjanna með 160 sm hjónarúmi og þriðja herbergið með kojum. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og grilli.



**NÝ HÚS** Hús 78, 79 og 80 eru í byggingu og verða tekin í dagleigu í sumar þegar þau verða tilbúin. Þau verða um 90 fm og með svefnplássi fyrir 6-7 manns

## STEKKJARHÓLL

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 77-83 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Rúm fyrir allt að | 6-7 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 6-7 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp | Já |
| Útvarp og CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Uppþvottavél | Já |
| Grill | Gas |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | 2 |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Já |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Birkihlíð BSRB

Félagsmenn Sameykis ásamt félagsmönnum annarra aðildarfélaga BSRB eiga einnig rétt á orlofshúsi bandalagsins í Munaðarnesi – Birkihlíð. Húsið er ekki í almennri úthlutun en hægt er að bóka og fá nánari upplýsingar á skrifstofu BSRB í síma 525 8300.









# Eyrarhlíð

Í Eyrarhlíð eru sex hús, 52 fm en þrjú af þeim fara seinna á árinu í endurnýjun. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir 6-8 manns. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi tvö þeirra eru með rúmum 153 x 200 sm og í öðru þeirra er koja þvert yfir rúmið. Þriðja herbergið er með kojum. Þá eru einnig tvær aukadýnur í húsunum. Í eldhúsi er allur nauðsynlegur búnaður og tæki s.s. ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Stór verönd er í kringum húsin með heitum potti garðhúsgögnum og gasgrilli.

ÞRÁÐLAUST NET



## EYRARHLÍÐ

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 52 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6-8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Uppþvottavél | Já |
| Grill | Gas |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Já |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Skorradalur



ÞRÁÐLAUST NET



Í Skorradal er glæsilegt 80 fm heilsárshús með 3 svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi og stofu sem eru í einu rými. Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 4-6. Eitt svefnherbergið er með tvöföldu rúmi, sem hægt er að taka í sundur, en hin herbergin tvö eru með rúmum sem hvort um sig eru 140 sm á breidd. Einnig eru tvær aukadýnur í húsinu. Allar innréttingar og húsbúnaður er vandaður og húsið er búið öllum nútímaþægindum. Borðbúnaður er fyrir 8 manns. Á verönd er heitur rafmagnspottur, gasgrill, borð og stólar. Þaðan má njóta stórfenglegs útsýnis yfir Skorradalsvatn og til Skarðsheiðar. Athygli skal vakin á því að það eru margar tröppur upp að húsinu og því getur það verið óhentugt fyrir þá sem eiga erfitt með gang.

## SKORRADALUR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 80 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 4-6 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur (Rafmagns) | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |



# Húsafell





Sameyki á tvö hús við Hraunbrekkur. Þau eru 64 fm með 2 hjónaherbergjum, 1 svefnherbergi með svefnplássi fyrir þrjá og 30 fm svefnlofti. Fimm góðar aukadýnur eru á svefnlofti. Í hvoru húsi er borðbúnaður, sængur og koddar fyrir 12 manns. Í kringum húsin er verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Húsin standa nálægt hvort öðru á grónum og rólegum stað innarlega á svæðinu en auðvelt er að nýta sér þjónustuna sem veitt er á Húsafelli, sundlaug, golfvöll, verslun o.fl.

**ÞRÁÐLAUST NET**



## HÚSAFELL

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 64 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 7-10 |
| Svefnloft | Já |
| Aukadýnur | 5 |
| Fjöldi sænga | 12 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Selásar – Borgarbyggð

Sameyki á hús á þessu svæði sem er örstutt frá Munaðarnesi. Húsið er 120 fm með þremur svefnherbergjum á neðri hæð, baði, eldhúsi og stofu í sameiginlegu rými. Einnig er svefnloft í húsinu og svefnaðstaða fyrir 1-2 í gestaherbergi sem er baka til í gestahúsi með sérinngangi. Svefnaðstaða er fyrir allt að 10 manns sem skiptist þannig að í aðalhúsi er hjónaherbergi með 140x200 sm rúmi og tvö kojuherbergi þar sem neðri kojan er 120 sm og efri 80 sm að breidd. Uppi á háalofti er rúm (120 sm) og tvær dýnur. Í gestahúsinu er 120 sm breitt rúm. Í húsinu er allur almennur búnaður auk þvottavélar og borðbúnaðar fyrir 12 manns. Í kringum húsið er stór verönd með heitum potti, útihúsgögnum og gasgrilli.

ÞRÁÐLAUST NET



## SELÁSAR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 120 |
| Fjöldi svefnherbergja | 5 |
| Svefnpláss fyrir | 10 |
| Svefnloft | Já |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 10 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Uppþvottavél | Já |
| Grill | Gas |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |





# Arnarstapi









Orlofshúsið á Arnarstapa stendur við Sölvaslóð sem er hverfi með 13 sumarhúsum. Húsið er 60 fm með 2 hjónaherbergjum og þriðja herbergið er með kojum. Á svefnlofti eru 4 dýnur og því svefnaðstaða fyrir 10 manns. Sængur og koddar eru fyrir alls 10 manns. Í eldhúsi er allur almennur búnaður fyrir 10 manns. Við húsið er verönd með heitum rafmagnspotti, útihúsgögnum og gasgrilli. Gæludýr eru leyfð í húsinu á Arnarstapa.

ÞRÁÐLAUST NET

**GÆLUDÝR ERU VELKOMIN EN NAUÐSYNLEGT ER AÐ VANDA ALLA UMGENGNI OG ÞRÍFA VEL EFTIR DÝRIN.**

**LAUSAGANGA DÝRA ER STRANGLEGA BÖNNUÐ**

## ARNARSTAPI

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 60 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 10 |
| Svefnloft | Já |
| Aukadýnur | 4 |
| Fjöldi sænga | 10 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp /CD | Já |
| Heitur pottur (Rafmagns) | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Já |

# Krossholt – Barðaströnd



## KROSSHOLT – BARÐASTRÖND

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 118 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6-8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 10 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél | Já |
| Ræstiefni til þrifa | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |

Sameyki hefur á leigu einbýlishús á Barðaströnd. Húsið er 118 fm og svefnpláss fyrir allt að 8 manns. Svefnherbergin eru þrjú, í einu þeirra er hjónarúm en í hinum 90 sm rúm. Tvær aukadýnur eru einnig í húsinu. Eldhúsið er vel búið með eldavél og uppþvottavél, einnig er þvottavél í húsinu. Stór verönd er við húsið með heitum potti, gas- og kolagrilli.



EKKI NET

# Hólmavík



Einbýlishús á einni hæð við Lækjartún í Hólmavík. Húsið er um 105 fm með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 6 manns. Í húsinu er vel búið eldhús og þvottahús. Úr stofu er gengið út á gróna lóð með útsýni yfir Skeljavík, Skeljavíkurháls og Kálfanesfjall. Úr þvottahúsi er gengið út á sólpall, þar er aðstaða til að grilla. Á Hólmavík er m.a. góð sundlaug með heitum pottum, kaffihús og verslanir auk ágætrar afþreyingar fyrir ferðamenn s.s. golfvöllur og hestaleiga.







## HÓLMAVÍK

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 105 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 6-8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Þvottavél | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Nei |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | 2 |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Já |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Bær III – Strandasýslu



## BÆR III

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 180 |
| Fjöldi svefnherbergja | 5 |
| Svefnpláss fyrir | 10 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 10 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |

Sameyki hefur á leigu 180 fm einbýlishús í Strandasýslu. Í húsinu eru fimm rúmgóð svefnherbergi með svefnplássum fyrir 10 manns. Að auki fylgja húsinu tvær aukadýnur og barnaferðarúm. Eldhúsið er stórt og ágætlega búið og stofan einnig en úr stofuglugganum er afar gott útsýni. Í húsinu er einnig þvottahús. Gasgrill og útihúsgögn fylgja með húsinu.

Húsið stendur á fallegum stað og þaðan er gott útsýni yfir Steingrímsfjörð og Grímsey. Staðsetningin hentar vel til ferðalaga um Vestfirði m.a. í Árneshrepp á Ströndum og vestur í Ísafjarðardjúp. Stutt er í Drangsnes þar sem er góð sundlaug, heitir pottar við sjóinn, veitingastaður og verslun. Hægt er að bóka ferðir út í Grímsey og í sjóstangaveiði frá Drangsnesi.





EKKI NET

# Súðavík

Í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2 í Súðavík hefur Sameyki á leigu 3ja herbergja íbúð. Hún er með rúmgóðu hjónaherbergi, barnaherbergi með koju (neðri koja ein og hálf breidd en efri koja einbreið). Í stofu er einnig svefnsófi. Svefnpláss er fyrir fimm manns.

Súðavík liggur miðsvæðis á Vestfjörðum, 19 km eru til Ísafjarðar. Bærinn hefur upp á margt að bjóða fyrir utan fegurðina og lognið endalausa. Þar er hinn rómaði Raggagarður sem er leiktækjagarður fyrir börn á öllum aldri. Þar er einnig að finna Refasetrið sem er hið eina á landinu. Fallegar gönguleiðir eru víða í nágrenninu, stutt er í þrjár sundlaugar og þrír golfvellir eru innan seilingar.





EKKI NET

## SÚÐAVÍK

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 84 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 5 |
| Svefnsófi í stofu | Já |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 7 |
| Barnarúm | Nei |
| Barnastóll | Nei |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 8 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Nei |
| Þvottavél | Nei |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Suðureyri við Súgandafjörð

Hjallavegur 16 er 160-170 fm einbýlishús, staðsett í miðjum bænum aðeins uppi í hlíðinni. Í húsinu eru fjögur rúmgóð svefnherbergi, tvö af þeim eru með þremur rúmum og tvö eru með hjónarúmum. Í húsinu eru tvö baðherbergi eitt á hvorri hæð. Húsið er búið sængum og koddum fyrir 10 manns. Þá er í húsinu stofa með svefnsófa, eldhús og borðstofa og í húsinu er borðbúnaður fyrir allt að 12 manns. Einnig eru öll helstu heimilistæki, s.s. ísskápur, uppþvottavél, þvottavél, sjónvarp, kaffivél, brauðrist, vöfflujárn, samlokugrill, örbylgjuofn o.fl ásamt kolagrill. Trépallur er bæði fyrir framan húsið og til hliðar þar sem kvöldsólin er.





## HJALLAVEGUR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 160 |
| Fjöldi svefnherbergja | 4 |
| Svefnpláss fyrir | 10 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 10 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Kol |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Rúmfatnaður/Handklæði | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |
| Þvottavél | Já |





# Blönduós – Brautarholt





GÆLUDÝR ERU VELKOMIN EN NAUÐSYNLEGT ER AÐ VANDA ALLA UMGENGNI OG ÞRÍFA VEL EFTIR DÝRIN.

LAUSAGANGA DÝRA ER STRANGLEGA BÖNNUÐ

Sameyki hefur á leigu sumarhús á Blönduósi. Húsið er með tveimur svefnherbergjum og svefnsófi er í stofu, alls er svefnpláss fyrir 6 manns. Húsið stendur í orlofshverfi þar sem er þjónustumiðstöð. Í miðstöðinni er þvottavél og þurrkari sem hægt er að nýta sér gegn vægu gjaldi. Athugið að engar aukadýnur eru í húsinu en hægt að fá þær í þjónustumiðstöð.

ÞRÁÐLAUST NET



## BRAUTAR-HOLT

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 56 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 6 |
| Svefnsófi í stofu | Já |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 6 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 8 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél í þjónustumiðstöð | Já |
| Ræstiefni til þrifa | Já |
| Uppþvottalögur | Já |
| Tuskur og viskustykki | Já |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Já |

# AKUREYRI

Sameyki býður upp á fjölbreytta orlofskosti á Norðurlandi, alls 10 eignir á Akureyri og næsta nágrenni. Um er að ræða bæði íbúðir sem félagið á og leigir fyrir félagsmenn. Úrvalið er mikið því auk íbúðanna sem staðsettar eru inni í bænum eru þrjú orlofshús rétt utan við bæinn, eitt inn við Kjarnaskóg og tvö í Hálöndunum sem eru í næsta nágrenni við skíðabrekkurnar.

## Skálatún

Við Skálatún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir 5-6 manns. Í tveimur svefnherbergjanna eru 4 rúm sem hægt er að setja saman tvö og tvö en í því þriðja er eitt 140 sm breitt rúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill.

ÞRÁÐLAUST NET





### SKÁLATÚN

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 100 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 5-6 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |





# Hamratún

Við Hamratún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir allt að 8 manns. Í einu svefnherbergjanna er tvíbreitt rúm og í öðru herbergi eitt 140 sm rúm. Í forstofuherbergi eru kojur og eitt 100 sm rúm. Auk þess eru 2 góðar aukadýnur og 2 minni (fyrir börn) og barnaferðarúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10 manns. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill. Heitur pottur er á verönd í garði við enda hússins.









ÞRÁÐLAUST NET

## HAMRATÚN

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 100 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6-8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Akureyri – Stúdentaíbúðir





Sameyki leigir fimm stúdentaíbúðir í sumar fyrir félagsmenn í Kjalarsíðu. Íbúðirnar eru 75 fm  og þar geta allt að 6 manns gist. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi og í stofu er svefnsófi. Í öðru herbergjanna er hjónarúm en í hinu einbreitt rúm. Tvær dýnur fylgja íbúð. Eldhúsið er ágætlega búið með eldavél og örbylgjuofni. Þvottavél og þurrkari eru á hæðinni.

## KJALARSÍÐA

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 75 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 5 |
| Svefnsófi í stofu | Já |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 6 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/ DVD | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 6 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Nei |
| Þvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |





EKKI NET



# Kjarnabyggð

Orlofshúsið í Kjarnabyggð í Kjarnaskógi stendur við Götu Mánans og er um 70 fm að stærð. Svefnpláss er fyrir alls 6 manns, þ.e. fyrir 4 í tveimur hjónaherbergjum og fyrir 2 í barnaherbergi. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns og borðbúnaður fyrir 10. Góð verönd er í kringum húsið með útihúsgögnum, gasgrilli og heitum potti. Rampur er fyrir ofan húsið svo aðgengi fyrir fatlaða er þokkalegt. Húsinu fylgja tvö reiðhjól fyrir fullorðna og tvö barnareiðhjól og eru þau í kjallara ásamt þvottavél.

Kjarnabyggð er gegnt flugvellinum á Akureyri og um 3,5 km frá miðbæ Akureyrar. Þar er öll aðstaða til útivistar árið um kring hin ákjósanlegasta. Húsinu fylgja tvö reiðhjól fyrir fullorðna og tvö barnareiðhjól og þvottavél er í kjallara.



ÞRÁÐLAUST NET



## KJARNA-BYGGÐ

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 70 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Hálönd – Holtaland







Sameyki á tvö orlofshús í brekkunni miðja vegu milli Akureyrarbæjar og skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. Þar er nýtt útivistarsvæði þar sem fleiri stéttarfélög eiga hús. Húsin eru bæði þriggja herbergja (106 fm) með gistimöguleika fyrir 8 manns. Í þeim eru tvær snyrtingar, inn af annarri snyrtingunni er þvottaherbergi en hin er hluti af baðaðstöðu sem tengist pottrými hússins. Hægt er að ganga beint úr pottrými út á suðurverönd. Í húsinu er einnig stór geymsla með sérinngangi enda gert ráð fyrir að gestir séu margir hverjir með skíði eða viðlegubúnað sem getur verið gott að geyma og þurrka.

## HOLTALAND

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 106 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 8 |
| Svefnsófi í stofu | Nei |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/ DVD | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 12 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

ÞRÁÐLAUST NET







# Fnjóskadalur – Illugastaðir

Sameyki leigir hús á Illugastöðum í Fnjóskadal. Húsið er með tveimur svefnherbergjum og er ætlað fyrir 6-8 manns. Húsið er ágætlega búið með borðbúnaði fyrir átta. Umhverfis húsið er verönd með garðhúsgögnum og gasgrilli. Þá er þar einnig heitur pottur. Hægt er að fá barnarúm og stól hjá umsjónarmanni. Á svæðinu er einnig sundlaug.









EKKI NET

## ILLUGA-STAÐIR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 45 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 8 |
| Svefnsófi í stofu | Já |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | * |
| Barnastóll | * |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 8 |
| Grill | Kol |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél | Nei |
| Gólfmoppur | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |

*hægt að fá hJá umsjónarmanni





# Hólar í Hjaltadal

EKKI NET

Sameyki hefur á leigu eina íbúð að Hólum í Hjaltadal. Um er að ræða snyrtilega og vel búna 5 herbergja íbúð á jarðhæð. Í fjórum svefnherbergjum er svefnpláss fyrir sjö manns. Þvottahús er í íbúðinni. Að Hólum er sundlaug og margvísleg þjónusta fyrir ferðamenn.





## HÓLAR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 98 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 7 |
| Svefnsófi í stofu | Nei |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 7 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/dvd | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 8 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Nei |
| Þvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Lindarbakki



EKKI NET

Sameyki hefur á leigu hús að Lindarbakka sem stendur um 10 km vestan við Höfn í Hornarfirði. Húsið er 54 fm með svefnaðstöðu fyrir 8 manns í tveimur tveggja manna svefnherbergjum og stóru svefnlofti með 4 rúmum. Umhverfis húsið er góður pallur með garðhúsgögnum og kolagrilli.

Umhverfi hússins er stórbrotið og þaðan er afar gott útsýni yfir Hornafjörð og skriðjökla Vatnajökuls allt til Öræfajökuls.





## LINDAR-BAKKI

Fermetrar...54
Fjöldi svefnherbergja...2
Svefnpláss fyrir...8
Svefnloft...Já
Aukadýnur...Nei
Fjöldi sænga...8
Barnarúm...Já
Barnastóll...Já
Sjónvarp/DVD...Já
Útvarp/CD...Já
Fjöldi, borðbúnaður...8
Heitur pottur...Nei
Grill...Kola
Þvottavél...Nei
Ræstiefni...Já
Gólfmoppur...Já
Uppþvottalögur...Nei
Tuskur og viskustykki...Nei
Internettenging...Nei
Gæludýr leyfð... ...Nei.

# Eiðar á Héraði



## EIÐAR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 54 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6-8 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Nei |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Nei |
| Gæludýr leyfð | Nei |

Á orlofshúsasvæðinu Eiðum á Sameyki 8 hús. Í öllum húsunum eru þrjú svefnherbergi og 2 aukadýnur. Þar er svefnpláss fyrir 8 manns. Eldhús eru ágætlega búin og borðbúnaður fyrir átta manns. Athugið að í húsum nr. 4, 5, 10 og 12 er ekki eldavél heldur einungis eldavélahellur og enginn bakaraofn. Pallar í kringum húsin eru rúmgóðir með útihúsgögnum og gasgrilli. Árabátur fylgir hverju húsi og heimilt er að veiða í Eiðavatni. Margt er hægt að skoða í nánasta umhverfi og merktar gönguleiðir eru við Eiðavatn. Frá Eiðum eru 14 km að næsta þéttbýliskjarna, Egilsstaða. Þar er sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta. Golfvöllur er í Fellabæ.



**Hús 5, 10, 11, og 12.**

EKKI NET





Hús 5, 10, 11 og 12



Hús 5, 10, 11 og 12



Hús 13 og 14



Hús 13 og 14



# Hólasetur

ÞRÁÐLAUST NET



Sameyki á orlofshús í landi Fellskots í Biskupstungum. Húsið er 85 fm með svegfnplássi fyrir 6 manns. Við húsið er 26 fm  gestahús með rúmplássi fyrir 4. Baðherbergi með sturtum er í báðum húsunum. Allur almennur eldhúsbúnaður og borðbúnaður er í húsinu fyrir 12 manns. Á verönd er heitur pottur og útihúsgögn. Stór lóð er í kringum húsin og er þar m.a. körfuboltavöllur.

## HÓLASETUR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 111 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 til 4 |
| Svefnpláss fyrir | 12 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 12 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Já |

**GÆLUDÝR ERU VELKOMIN EN NAUÐSYNLEGT ER AÐ VANDA ALLA UMGENGNI OG ÞRÍFA VEL EFTIR DÝRIN.**

**LAUSAGANGA DÝRA ER STRANGLEGA BÖNNUÐ**





# Úthlíð

Sameyki á 93 fm hús í Úthlíð í Biskupstungum. Aðalhúsið er með tveimur svefnherbergjum hvort með 153x200 sm rúmi. Í öðru er koja yfir rúmi, gisting fyrir 6-8 manns. Á lofti eru tvö rúm 90x200 sm ásamt auka dýnum. Í alrými er eldhús borðstofa og stofa. Í 20 fm gestahúsi er svefnpláss fyrir 4-6, baðherbergi með sturtu, ísskápur og sjónvarp. Svefnpláss fyrir allt að 12 manns. Húsið er vel búið og í eldhúsi er borðbúnaður fyrir 12 manns, Baðherbergin í báðum húsum hafa verið endurnýjuð og aðstöðu fyrir þvottavél bætt við. Stór veröndd er kringum húsið með heitum potti og útihúsgögnum.

Úthlíð er gróið orlofshúsahverfi. Í hverfinu er m.a. sundlaug, verslun og golfvöllur.

ÞRÁÐLAUST NET















## ÚTHLÍÐ

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 93 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Gestahús | 1 |
| Svefnpláss fyrir | 12 |
| Svefnsófi í stofu | Nei |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 12 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 12 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél | Já |
| Ræstiefni til þrifa | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Úlfljótsvatn

## Húsin okkar á Úlfljótsvatni eru af fimm mismunandi stærðum

Sameyki á 12 orlofshús á orlofshúsasvæði félagsins við Úlfljótsvatn. Húsin er misjöfn að stærð eða frá 30-66 fm. Í minnstu húsunum er eitt svefnherbergi og svefnloft, en í þeim stærri tvö svefnherbergi og svefnloft. Húsin eru ágætlega búin og borðbúnaður er fyrir 8-12 manns. Umhverfis öll húsin er góð verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli. Góð leikaðstaða er á svæðinu, fótboltavöllur, aparóla og skemmtilegt leiksvæði með rólum, trampólíni o.fl.

Þá eru góðar gönguleiðir í nágrenninu og gestir hafa einnig aðgang að bátum og veiði.








ÞRÁÐLAUST NET

### MINNI HÚS

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 30 |
| Fjöldi svefnherbergja | 1 |
| Svefnpláss fyrir | 3 |
| Svefnsófi í stofu | Nei |
| Svefnloft | Já |
| Aukadýnur | 4 |
| Fjöldi sænga | 6 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 8 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél | Nei |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

## HÚS 7-9 30 fm









## HÚS 10 48 fm







## HÚS 11 53 fm

ÞRÁÐLAUST NET







## ÚLFLJÓTS-VATN

### STÆRRI HÚS

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 48/53/66 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 5-6 |
| Svefnsófi í stofu | Nei |
| Svefnloft | Já |
| Aukadýnur | 4 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp | Já |
| Fjöldi, borðbúnaður | 12 |
| Grill | Gas |
| Heitur pottur | Já |
| Þvottavél | Nei |
| Ræstiefni | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Úlfljótsvatn

## HÚS 12 66 fm







Hús nr 12.  Á neðri hæð eru tvö hjónaherbergi með 153x200 sm rúmum. Á lofti eru tvö rúm 90x200 sm ásamt fjórum dýnum. Húsið er vel búið öllum venjulegum húsbúnaði, sængur fyrir 8 manns og borðbúnaður fyrir 12 manns. Á verönd er heitur pottur, útihúsgögn og gasgrill.



Á Úlfljótsvatni eru tvö leiksvæði ásamt aparólu og aðgangur er að bátum til að sigla á á vatninu. Bátarnir fyrir þá sem eru í húsunum eru í umsjá skáta.





# Akrasel



Sameyki á sumarhús í Akraseli við Álftavatn í Grímsnesi. Húsið er 58 fm með þremur svefnherbergjum og er svefnpláss fyrir 6 manns. Húsið er vel búið öllum venjulegum húsbúnaði. Borðbúnaður er fyrir 12 manns. Á verönd við húsið er heitur pottur, gasgrill og útihúsgögn. Við húsið er leiksvæði með rólum og sandkassa. Leyfilegt er að hafa gæludýr í húsinu.

ÞRÁÐLAUST NET











**GÆLUDÝR ERU VELKOMIN EN NAUÐSYNLEGT ER AÐ VANDA ALLA UMGENGNI OG ÞRÍFA VEL EFTIR DÝRIN. LAUSAGANGA DÝRA ER STRANGLEGA BÖNNUÐ**

## AKRASEL

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 58 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6-7 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | 2 |
| Fjöldi sænga | 8 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Grill | Gas |
| Þvottavél | Nei |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Já |

# Vaðnes í Grímsnesi



## BOLLA-GARÐAR

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 60 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6 |
| Svefnloft | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 7 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/ CD | Já |
| Heitur pottur | Já |
| Grill | Gas |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

Sameyki á átta hús í Vaðnesi. Þau eru öll 60 fm að stærð með 3 svefnherbergjum þar sem eru svefnpláss fyrir sex manns. Hjónaherbergi eru tvö og eitt kojuherbergi. Í eldhúsi er að finna uppþvottavél og öll algeng eldhúsáhöld og borðbúnað fyrir 10 manns. Þá er heitur pottur og góð verönd umhverfis húsin með garðhúsgögnum og gasgrilli. Orlofshúsasvæði Vaðness er fallegt gróið svæði í miðju Grímsnesinu og þar er m.a. leiksvæði með fótboltavelli, rólum o.fl.







ÞRÁÐLAUST NET







# Sóltún 12

ÞRÁÐLAUST NET







Íbúðin er í fjölbýlishúsi við Sóltún í Reykjavík. Þetta er glæsileg 100 fm endaíbúð á 3. hæð og henni fylgja tvennar svalir. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er þriggja herbergja. Svefnpláss er fyrir 5, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, í barnaherbergi er koja fyrir 2 og 1 stakt rúm (90 sm). Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 10 manns.

## SÓLTÚN

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 100 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 5 |
| Svefnsófi | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 5 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Nei |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |



# Grandavegur 45



Í fjölbýlishúsi á Grandavegi á félagið 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er í mjög góðu standi. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi, 2 í barnaherbergi og 2 á sófa í holi. Í eldhúsi eru öll algengustu áhöld ásamt borðbúnaði fyrir 10 manns.







ÞRÁÐLAUST NET

## GRANDA-VEGUR 45

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 80 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 6 |
| Svefnsófi | Já |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 6 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp og CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Nei |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | 2 |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# Grandavegur 42G

ÞRÁÐLAUST NET




## GRANDA-VEGUR 42G

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 103 |
| Fjöldi svefnherbergja | 2 |
| Svefnpláss fyrir | 4 |
| Svefnsófi | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 4 |
| Barnarúm | Já |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp og CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Nei |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

Glæný fjögurra herbergja íbúð (103 fm) á þriðju hæð ásamt 9 fm svölum. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum og svefnaðstöðu fyrir fyrir alls fjóra í tveimur í tvíbreiðum rúmum. Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Þvottavél er íbúðinni. Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.









# Grandavegur 42D

ÞRÁÐLAUST NET







Glæný fjögurra herbergja íbúð (121 fm) á þriðju hæð ásamt 22 fm svölum. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum. Svefnaðstaða er fyrir alls 6 manns í þremur tvíbreiðum rúmum. Í íbúðinni er allur almennur búnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Þvottavél er íbúðinni. Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.





## GRANDA-VEGUR 42D

| | |
|---|---|
| Fermetrar | 121 |
| Fjöldi svefnherbergja | 3 |
| Svefnpláss fyrir | 6 |
| Svefnsófi | Nei |
| Aukadýnur | Nei |
| Fjöldi sænga | 6 |
| Barnarúm | Ferða |
| Barnastóll | Já |
| Sjónvarp/DVD | Já |
| Útvarp/CD | Já |
| Heitur pottur | Nei |
| Grill | Nei |
| Uppþvottavél | Já |
| Ræstiefni | Já |
| Gólfmoppur | Já |
| Uppþvottalögur | Nei |
| Tuskur og viskustykki | Nei |
| Internettenging | Kostar |
| Gæludýr leyfð | Nei |

# SPÁNN

Sameyki á þrjár eignir á Spáni, allar í nágrenni Alicante. Um er að ræða hús í Quesada og 2 íbúðir í fjölbýlishúsi við ströndina Los Arenales de Sol. Húsið og íbúðirnar eru vel búnar og í þeim er m.a. þvottavél og loftkæling. Ítarlegan upplýsingabækling um eignirnar okkar á Spáni má finna á Orlofsvefnum.





## LOS ARENALES DE SOL

Íbúðirnar eru í fjölbýlishúsi við strandgötuna í Arenales del Sol, eða í um það bil 10 km fjarlægð við flugvöllinn, 13 km sunnan við Alicante. Á útisvæði hússins er sundlaug, tennisvöllur, æfingatæki og leiktæki fyrir börn og fullorðna. Gestir hafa fullan aðgang að öllu sem er á lóðinni. Ströndin er hinum megin við götuna sem húsið stendur við, en þangað er hægt að ganga beint í gegnum garð hússins. Merkt bílastæði eru í bílageymslu.

### ÍBÚÐ Á 1. HÆÐ

Íbúðin er um 70 fm að stærð og í henni eru tvö svefnherbergi auk þess sem svefnsófi er í stofu. Í öðru svefnherberginu er hjónarúm en í hinu hjónarúm með koju þvert yfir rúmið. Gistimöguleikar eru fyrir allt að 7 manns en einnig er barnarúm og barnastóll í íbúðinni. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni. Allur almennur búnaður er í íbúðinni og borðbúnaður fyrir 12 manns.

Út af vel búnu eldhúsi og kojuherbergi sem snúa í sömu átt er ca. 10 fm sólpallur. Á pallinum er borð og stólar og skápur með þvottavél og hreinlætisvörum. Úr stofu og hjónaherbergi er gengið út á stærri sólpall. Þar eru borð, stólar og legubekkir ásamt borði og sólhlíf.



ÞRÁÐLAUST NET



ÞRÁÐLAUST NET



## ÞAKÍBÚÐ

Þakíbúðin er 100 fm með þremur svefnherbergjum og er hjónarúm í þeim öllum. Svefnpláss er því fyrir 6 manns. Þá eru tvö baðherbergi í íbúðinni, annað þeirra er sérstaklega hannað fyrir hreyfihamlaða. Allur almennur búnaður er í íbúðinni og borðbúnaður fyrir 8 manns. Út af vel búnu eldhúsi eru stórar svalir meðfram íbúðinni með fallegu útsýni í átt til sjávar. Þar að auki fylgir íbúðinni stórt einkaþaksvæði sem er afgirt en þar má finna stóla, sólhlíf, borð og sólbaðsbekki til afnota fyrir gesti. Allur almennur búnaður er í íbúðinni, sængur og koddar fyrir 6 manns. Auk þess er þar barnarúm með barnasæng og kodda og barnastóll.













# SAMARA QUESADA

Húsið stendur í íbúðahverfi í austurhluta Quesada bæjarins. Það er á endalóð með sameiginlegri útiaðstöðu og góðri sundlaug sem við deilum með fleiri húsum í íbúðakjarnanum. Bílastæði er við húsið inni á lokaðri lóð og einnig er hægt að leggja við götuna. Bærinn Quesada er rólegur og fallegur, með nokkrum þjónustukjörnum.

Húsið er á þremur hæðum og auk þess er verönd á þakinu. Við stigana eru öryggishlið fyrir börn. Á aðalhæð, fyrstu hæð, er eldhús, borðstofa og stofa og þar er gestasalerni. Á veröndinni fyrir utan er grill, borð og stólar auk sólbaðsbekkja í garðinum. Í kjallara er sjónvarpshol með svefnsófa fyrir tvo og hjónaherbergi með baði. Á annarri hæð eru tvö hjónaherbergi með svölum og baðherbergi. Svefnpláss er fyrir 8 manns auk ungbarns. Allur almennur búnaður er í húsinu og borðbúnaður fyrir 12 manns. Af svölum annars herbergisins er gengið upp á þakverönd með stólum, sólbekkjum og borði.





## Gjafabréf Icelandair

Félögum í Sameyki býðst að kaupa 4 gjafabréf á ári í flug með Icelandair. Gjafabréf gildir sem greiðsla fyrir áætlunarflug til allra áfangastaða Icelandair. Gjafabréfin gilda í fimm ár og verða að notast innan þess tíma. Ekki er hægt að skila gjafabréfi.

Gjafabréfin er hægt að kaupa á Orlofsvefnum. Á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað.

Gjafabréfið kostar 21.500 kr. en er að andvirði 30.000 kr. inneignar.

## Air Iceland connect

Félögum í Sameyki býðst að kaupa 6 gjafabréf á ári í flug hjá Flugfélagi Íslands. Gjafabréf gildir sem greiðsla upp í öll almenn fargjöld sem bókanleg eru hverju sinni. Gjafabréfin gilda í tvö ár og verða að notast innan þess tíma. Ekki er hægt að skila gjafabréfi.

Gjafabréfin er hægt að kaupa á Orlofsvefnum. Á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað. Gjafabréf kostar 11.000 kr. en er að andvirði 15.000 kr. inneignar.

## Flugfélagið Ernir

Félagsmenn sem sem hafa lögheimili á þeim stöðum sem Flugfélagið Ernir flýgur til geta sótt um endurgreiðslu á flugfari einu sinni á hverju almanaksári að upphæð allt að 33.000

## Úrval Útsýn

Félagar í Sameyki geta keypt tvö gjafabréf upp í pakkaferðir með Úrval Útsýn til Almería á Spáni, Mallorca, Kanaríeyja og ferðir Úrvalsfólks.

Gjafabréfin er hægt að kaupa á Orlofsvefnum. Á bréfinu er númer sem nota þarf þegar ferð er bókað.

Gjafabréf kosta 20.000 kr. en er að andvirði 30.000 kr. inneignar.

## SUMARIÐ 2020

# ORLOFSÁVÍSANIR - ÚTHLUTUN

Félagsmenn Sameykis geta sótt um sérstakar orlofsávísanir að andvirði 30.000 kr. á sama hátt og önnur orlofstilboð á Orlofsvef meðan á umsóknarferli sumarúthlutunar stendur (apríl). Eftir að úthlutun er lokið er ekki hægt að fá orlofsávísun. Ekki er hægt að skila ávísun ef hún er ekki notuð sumarið 2019. Orlofsávísanirnar gilda fyrir orlofstilboð innanlands sumarið 2019, frá 1. júní til 31. ágúst.

Félagsmaður sem fær úthlutað orlofsávísun framvísar kvittunum eftir að ferð að eigin vali er lokið og fær andvirði orlofsávísunar greitt inn á bankareikning sinn gegn framvísun gildra kvittana. Kvittanir verða að vera löglegar með stimpli viðkomandi söluaðila og innan tímabilsins 1. júní - 31. ágúst 2019. Kvittanir verða að vera með nafni og kennitölu félagsmanns til þess að fást greiddar.

**Orlofsávísanir gilda fyrir:**

- Gistingu utan orlofskerfis, þ.e. hótel, gistihús, tjaldstæði o.s.frv.
- Leigu fyrir hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagna.
- Skoðunarferðir, t.d. hvalaskoðun, fuglaskoðun o.þ.h.
- Skipulagðar gönguferðir með viðurkenndum ferðaþjónustuaðilum eða félögum, utan þeirra ferða sem félagið býður upp á.
- Skipulagðar hópferðir, hestaferðir, siglingar, veiðileyfi o.s.frv.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matarútgjöldum, bensíni og/ eða almennum ferðakostnaði, svo sem fargjaldi í flugi, rútu eða með ferju, nema það sé hluti af skipulagðri hópferð.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem Sameyki eða önnur stéttarfélög bjóða sínum félögum.

# DAGLEIGUHÚS Í SUMAR

Fylgist með á Orlofsvefnum. Það er möguleiki á að fleiri hús bætist við í dagleigu.



## Reykjavík

Sóltún

sjá bls. 46



## Reykjavík

Grandavegur 45

sjá bls. 47



## Vaðnes

Hús nr. 1

sjá bls. 44



## Munaðarnes

Hús nr. 14 Vörðuási og
hús nr. 30 í Eyrarhlíð
Hús nr. 78,79 og 80 síðar í sumar.

sjá bls. 8-11



## Reykjavík

Grandavegur 42 D og G

sjá bls. 48-49

**Aðgangur að neti gegn gjaldi nema á Eiðum**



## Akureyri

Hamratún

sjá bls. 25



## Úthlíð

sjá bls. 37



## Úlfljótsvatn

Hús nr. 9 og 10

sjá bls. 40-41



## Akureyri

Skálatún

sjá bls. 24



## Eiðar

Hús nr. 12 og 13

sjá bls. 34



## Akureyri

Holtaland

sjá bls. 30

# VERÐSKRÁ

**Úlfljótsvatn**

Litla húsið – 6.000 kr. nóttin
3.-7. gistinótt 3.000 kr.

**Leiga annarra húsa**

1. Gistinótt 9.000 kr.
2. Gistinótt 9.000 kr.
3.-7. Gistinótt 3.500 kr.





# Blásið til ljósmyndaleiks

Nú blásum við til ljósmyndaleiks meðal félagsmanna Sameykis sem nýta sér orlofshúsin okkar eða aðra orlofskosti.

Sendið okkur mynd eða myndir sem teknar eru í eða við orlofshús félagsins innanlands og á Spáni. Við veljum þrjár skemmtilegustu myndirnar eða myndaseríurnar og ljósmyndarinn fær vinning. Myndirnar þurfa að sýna orlofshúsin okkar eða umhverfi þeirra á þann hátt að hún heilli dómnefndina upp úr skónum.

Í dómnefndinni sitja þrír fulltrúar, tveir frá félaginu og fagaðili um ljósmyndir. Dómnefndin mun ekki hafa aðgang að upplýsingum um höfund eða upprunа myndanna.

Sameyki áskilur sér rétt til að nota allar myndir sem berast í útgáfu og kynningarefni.

Vinningarnir eru helgardvalir í orlofshúsum félagsins innanlands að eigin vali (utan úthlutunartíma).

**Skilafrestur ljósmyndanna er til 10. ágúst 2020**

Ljósmyndum má skila hvort sem er rafrænt eða á pappír. Ljósmyndir á rafrænu formi skal senda á solveig@sameyki.is en myndir á pappír skal senda í pósti til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík og merkja „ljósmyndasamleikur“. Nánari upplýsingar veitir Sólveig Jónasdóttir í síma 525-8353, solveig@sameyki.is.

Ljósmyndirnar hér eru verðlaunamyndir úr ljósmyndakeppni Blaðs stéttarfélaganna sumarið 2011.















# Veiðikortið

Félagsmenn Sameykis geta keypt eitt veiðikort á ári á sérstöku félagsverði. Kortið er hægt að kaupa á vefsíðu félagsins og á skrifstofunni. Kortið kostar 5.000 kr. hjá félaginu en 7.900 kr. í almennri sölu.

Kortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Hægt er að veiða nær ótakmarkað í 34 veiðivötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Veiðikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Þegar skráning fer fram hjá landeiganda eða veiðiverði ber að sýna Veiðikortið og persónuskilríki eða samkvæmt reglum í bæklingi. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Veiðimönnum ber að ganga vel um veiðisvæðin og virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasíðum vatnanna, en mismunandi reglur geta gilt á milli vatnasvæðanna. Með kortinu fylgir veglegur bæklingur og í honum eru lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir. Upplýsingar má einnig finna á www.veidikortid.is

## VEIÐISVÆÐI EFTIR LANDSHLUTUM

**Vesturland**

Baulárvallavatn á Snæfellsnesi
Berufjarðarvatn
Haukadalsvatn í Haukadal
Hlíðarvatn í Hnappadal
Hreðavatn
Hólmavatn í Dölum
Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi
Hraunsfjörður á Snæfellsnesi
Langavatn í Borgarbyggð
Sauðlauksdalsvatn við Patreksfjörð
Syðridalsvatn við Bolungarvík
Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði

**Norðurland**

Arnarvatn á Melrakkasléttu
Hraunhafnarvatn á Melrakkasléttu
Ljósavatn í Suður-Þingeyjasýslu
Sléttuhlíðarvatn í landi hrauns
Svínavatn í Húnavatnssýslu
Vestmannsvatn
Æðarvatn á Melrakkasléttu
Ölvesvatn - Vatnasvæði Selár

**Austurland**

Haugatjarnir í Skriðdal
Kleifarvatn í Breiðdal
Mjóavatn í Breiðdal
Skriðuvatn í Skriðdal
Sænautavatn á Jökuldalsheiði
Urriðavatn við Egilsstaði
Þveit við Hornafjörð

**Suðurland**

Elliðavatn
Gíslholtsvatn í Holtum
Kleifarvatn á Reykjanesi
Meðalfellsvatn í Kjós
Úlfljótsvatn - Vesturbakkinn
Vífilsstaðavatn í Garðabæ
Þingvallavatn - Þjóðgarðurinn




**Athugið gæti breyst.**

**Sjá nánar á veidikortid.is**

# Útilegukortið

Félagsmönnum Sameykis býðst að kaupa Útilegukortið á sérstöku félagsverði. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin.

Framvísa ber Útilegukortinu ásamt persónuskilríkjum við komu á tjaldsvæði og er merkt inn á kortið við þá gistinótt sem gist er í hvert sinn. Kortið veitir ekki aðgang að annarri þjónustu sem tjaldsvæðin kunna að veita. Nánari reglur um Útilegukortið má finna á www.utilegukortid.is Útilegukortið kostar 13.600 kr. fyrir félagsmenn en raunvirði þess er 19.900 kr. Hægt er að kaupa það á orlofsvefnum eða skrifstofu félagsins.



## TJALDSVÆÐI SEM Í BOÐI ERU:

**VESTURLAND**

- Grundarfjörður
- Þórisstaðir
- Traðir, á Eyrunum
- Varmaland

**VESTFIRÐIR**

- Bolungarvík
- Drangsnes
- Flókalundur
- Tjaldsvæðið við Grettislaug á Reykhólum
- Tungudalur

**NORÐURLAND**

- Dalví
- Möðrudalur - Fjalladýrð
- Heiðarbær
- Hvammstangi
- Kópasker
- Lónsá
- Ólafsfjörður
- Raufarhöfn
- Sauðárkrókur
- Siglufjörður
- Skagaströnd
- Þórshöfn

**AUSTURLAND**

- Eskifjörður
- Fáskrúðsfjörður
- Norðfjörður
- Reyðarfjörður
- Seyðisfjörður
- Stöðvarfjörður

**SUÐURLAND**

- Álfaskeið
- Grindavík
- Hella Gaddastaðaflatir
- Kleifarmörk
- Langbrók
- Sandgerði
- Skjól
- Stokkseyri
- Þorlákshöfn

**Athugið gæti breyst.**
**Sjá nánar á utilegukortid.is**

# Hótelmiðar

Félagsmenn eru hvattir til að panta gistingu með góðum fyrirvara.

**HÆGT ER AÐ KAUPA HÓTELMIÐA Á ORLOFSVEF**



## Hótel Edda

**Gildir sumarið 2020**

Sameyki hefur til sölu gistimiða á Edduhótel. Upplýsingar um verð eru á orlofsvefnum

Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Miðar eru **aðeins bókanlegir í gegnum síma eða tölvupóst hjá bókunardeild Hótel Eddu**. Þeir eru ekki bókanlegir á Netinu.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum sem eru 12 hringinn í kringum landið.

Sjá heimasíðu *www.hoteledda.is*

## Íslandshótel/ Fosshótel

**Gildir sumarið 2020**

Sameyki hefur til sölu gistimiða á Fosshótel. Upplýsingar um verð eru á orlofsvefnum

Morgunverður er innifalinn.

**Félagsmenn bóka sjálfir í síma viðkomandi hótels eða á aðalskrifstofu Fosshótela í síma 562-4000. Bókanir má einnig senda á netfangið bokun@fosshotel.is og taka skal fram að greitt sé með gistimiða.**

Fosshótel rekur bæði heilsárs- og sumarhótel um land allt.

Sjá nánari upplýsingar á *www.fosshotel.is*

**EKKI KAUPA HÓTELMIÐA FYRR EN BÚIÐ ER AÐ BÓKA GISTINGU Á VIÐKOMANDI HÓTELI**



GUÐLEGUR | JARÐEFNI | LEIÐINDA-PÉSI | TVEIR EINS | SKRAUT-STEINN | NIBBA | BRESTA | STUNDIR

BUGÐAST

TVEIR EINS | HNETA | MERKJA | 6

HORFÐU | TALGALLI

ANDVARI | HÝÐI | HINDRA

ÞESSA | SKOT | UMFANG | ÍÞRÓTTA-FÉLAG | DÆLA

SKÁR | KOLL-STEYPA | LENDA Á | PIRRA | VISNA | FULLHLÓÐ

SKRAFA | VÖMB | GJÁLFRA

STÖKUM | MÁLEINING | 3 | SNÓT | STRAFF

FÓTÞURKA | ÁRÁS | JAGAST | ÖÐLUÐUST

ÍÞRÓTT | DEYFÐ | TVEIR EINS | 2 | LEIKUR | ANA

EFTIRSJÁ | ENDAFJÖL | KVIKSYNDI

TUNNU | UPPÁ-STUNGA | FJÖLDI | ATBURÐUR | HAGVIRKNI | FUGL

ÞRAUT | MISSA MARKS | 4 | MISGERÐ | REMMU-JURT | RUGLA

SÝKING | VERKUM HLAÐINN | KLAKAHÚÐ

KUL-SÆKINN | HEYGJA | SÁÐJÖRÐ | SPROTA

SKRÁ | REGLUR | 5 | ÖRK

SLAPPI | TVÍHLJÓÐI | EGGJUN

VERKFÆRI | YNDI | GARGA

SKRIÐUR | FALLA | 1

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í Orlofsblaði Sameykis og verður dregið úr réttum lausnum sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. maí n.k. Verðlaunin eru val á milli 12.000 kr. greiðslu eða helgardvalar í orlofshúsi félagsins innanlands á tímabilinu 1. október til 1. maí að undanskildum jólum, áramótum og páskum. Nægilegt er að senda lausnina á krossgátunni, ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri sendanda til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is – Vinsamlegast merkið Orlofskrossgáta í subject línuna.

SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG